

Stofnfiskur hf.
Staðarberg 2-4
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 26. febrúar 2020
UST201901-280/H.R.A.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 19. desember sl. þar sem óskað var eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram komu í eftirliti stofnunarinnar er fram fór þann 15. nóvember 2019 í Stofnfisk hf., Kalmanstjörn. Þann 14. janúar 2020 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að framleiða í stöðinni allt að 200 tonn af laxi. Skv. ársyfirliti vegna ársins 2017 var ársframleiðsla 210 tonn.
- 2. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að framleiða allt að 200 tonn af laxi í stöðinni. Skv. ársyfirliti vegna ársins 2018 var ársframleiðsla 281 tonn. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er rekstraraðili að vinna í að sækja um stækkun starfs- og rekstrarleyfis í 600 tonn. Verður umsókn um stækkun starfsleyfis send inn þegar fyrir liggur hvort framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat. Áætlað er að hægt verði að sækja um til Umhverfisstofnunar fyrir 31. júlí nk. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila á að þar til nýtt stækkað leyfi væri gefið út er umfang umfram starfsleyfi og því þarf að fækka fiski í stöðinni eða óska eftir undanþágu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.**
- 3. Gr.3.4 í starfsleyfi.** Losun fosfórs má ekki fara yfir 14 kg/tonn af framleiddum fiski. Skv. mælingum á losun fosfórs í september 2018 er losun eldisins um 16 kg/tonn. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila voru útreikningar ársins 2018 sem komu fram við eftirlit rangir og losunin hafi í raun verið 15 kg/tonn, sem sé þó umfram mörk leyfis. Rekstraraðili telur að niðurstöður ársins 2018 séu útlagi, þar sem mælingar árána á undan, sem og 2019, gefi niðurstöður þar sem losunin sé undir 10 kg/tonn. Einnig hafi fôðureftirlit verið hert. Umhverfisstofnun fellst á þessi sjónarmið og frávikinu telst því lokið en eftirlitsaðili óskar þó eftir því að þegar mælingar verði gerðar framvegis sé lífmassi í stöðinni skráður og fôðurnotkun í þeirri viku skráð sem og rennslið í L/s svo betur sé hægt að ákvarða losunina.**

4. **Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka mynd af útrás frárennslis á sex mánaða fresti og senda eftirlitsaðila. Myndir v. 2017 og 2018 hafa ekki verið sendar eftirlitsaðila. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila var um mannleg mistök að ræða sem varð til þess að ekki voru teknar myndir árin 2017 og 2018. Myndir voru teknar tvisvar á árinu 2019 og hafa þær verið sendar eftirlitsaðila og verður þeim einnig skilað með ársyfirliti ársins 2019. Skerpt hefur verið á verkferlum er varðar myndatökuna og frávikinu telst því lokið.**
5. **Gr. 4.4. í starfsleyfi.** Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Myndir af útrás frárennslis skv. gr. 4.3 skulu berast með ársyfirliti. Ársyfirlit vegna 2017 barst 4. maí 2018 en það innihélt ekki myndir af útrás. Frávikinu telst því lokið en frávik vegna mynda verður fylgt eftir á grundvelli gr. 4.3, sbr. frávikaskráningu hér að ofan. **Fráviki þessu var lokað í eftirlitsskýrslu þar sem ársyfirlitið hafði borist. Rekstraraðili hefur þó skerpt á verkferlum að því marki að unnt sé að skila ársyfirliti á réttum tíma.**
6. **Gr. 4.4. í starfsleyfi.** Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Myndir af útrás frárennslis skv. gr. 4.3 skulu berast með ársyfirliti. Ársyfirlit vegna 2018 barst 6. maí 2019 en það innihélt ekki myndir af útrás. Frávikinu telst því lokið en frávik vegna mynda verður fylgt eftir á grundvelli gr. 4.3, sbr. frávikaskráningu hér að ofan. **Fráviki þessu var lokað í eftirlitsskýrslu þar sem ársyfirlitið hafði borist. Rekstraraðili hefur þó skerpt á verkferlum að því marki að unnt sé að skila ársyfirliti á réttum tíma.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila með þeim skilyrðum sem að ofan greinir en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja